

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu 2016

Inngangur

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar að því markmiði að tryggja hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar.

Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu.

Stjórnina skipa Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) og Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HKJ). Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók við formennsku í stjórninni í ársbyrjun 2015.

Helstu lög, reglugerðir og samþykkt sem gilda um svæðið og kort

- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
 - Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
 - Rgl. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
 - Rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
 - Rgl. nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
 - Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001
-
- Samþykkt um um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015
http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Vatnsverndarsamthykkt_nr_555_2015.pdf

Kort af vatnsverndarsvæðinu má nálgast á slóðinni

http://ssh.is/images/stories/Hofudborgarsvaedid_2040/Vatnsverndaruppdrattur_undirritadur_v ef.pdf

Árið 2016

Fundir Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu 2016

Haldnir voru tveir fundir á árinu, fundir nr. 113 þann 13. janúar og nr.114 þann 29. febrúar. Fundargerðir ársins er hægt að nálgast á vefslóðinni <http://reykjavik.is/thjonusta/vatnsvernd>. Fundargerðir framkvæmdarstjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefnda höfuðborgarsvæðisins.

Hér á eftir verður farið yfir helstu mál sem komu fyrir framkvæmdastjórn á árinu 2016. Að öðru leyti er vísað í fundargerðir ársins.

Breyting á aðalskipulagi Mosfellsbæjar – breyting á landnotkun á svæði sunnan Leirtjarnar í Mosfellsdal

Áformuð breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar sunnan Leirtjarnar er á fjarsvæði vatnsverndar samkvæmt gildandi skipulagi. Fyrirhugaður rekstur „Víkingsþorps“ gæti verið á svæðinu samkvæmt heilbrigðissamþykkt og að mati framkvæmdastjórnarinnarfallið að reglum um fjarsvæði vatnsverndar enda yrði skilyrðum heilbrigðisnefndar fylgt. Reglur um grannsvæði heimila ekki umrædda starfsemi. Fyrir liggur að það þurfi að fella niður þá grannsvæðavernd sem fyrirhuguð er að taki gildi 2018. Rannsóknir verða að sýna að það sé gerlegt eða aðrar lausnir verði fundar.

Fossvallaklif – Mosfellsbæ.

Lögð var fram skýrsla Vatnaskila um forkönnun á færslu fyrirhugaðs vatnsbóls í Fossvallaklif. Framkvæmdastjórnin óskar eftir að fá málið aftur þegar frekari gögn liggja fyrir.

Garðabær - deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar og breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Framkvæmdastjórn bókaði eftirfarandi:

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu minnir á þátt vatnsverndar í nýlega samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og á samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015. Mikilvægt er að sveitarfélög með lögsögu í Heiðmörk eða eiga land að henni hafi samráð um skipulag svæðisins. Skipulag útivistar og annarra landnota verða að vera á forsendum vatnsverndar þar sem varúðarsjónarmið eru höfð að leiðarljósi.

Heiðmerkurvegur - Heiðmörk.

Lögð var fram ályktun samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 21. desember 2015 og minnisblað dags. 18. desember 2015.

Suðvestur línur – bygging háspennulínu, Sandskeiðslínu 1.

Lögð var fram til kynningar umsókn Landsnets um starfsleyfi ásamt fylgibréfi Eflu verkfræðistofu og yfirlitskort. Einnig voru lögð fram starfsleyfisdrög Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir framkvæmdina. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði umsögn um starfsleyfisdrögin. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var falið að gefa út eitt starfsleyfi með vísun til ákvæða 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir fyrir lagningu háspennulínu frá Sandskeiði norðan Suðurlandsvegur að Hrauntungum sunnan Krýsuvíkurvegur.

Úrskurðir varðandi vatnsverndarsvæðið árið 2016

Þann 30. desember 2016 var kveðinn upp úrskurður nr. 128/2014, Svifflugfélagið, hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Svifflugfélag Íslands, Sandskeiði, kærði þá ákvörðun heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 24. nóvember 2014 að synja erindi kæranda um akstur bifreiða á grasbraut félagsins á Sandskeiði. Var þess krafist að ákvörðunin yrði felld úr gildi. Þegar litid var til framkominna málsatvika komst nefndin að því að niðurstaða heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hafi byggst á lögætum og málefnalegum forsendum og að málsmeðferð hennar hafi verið í samræmi við lög. Kröfu kæranda um ógildinguna hinnar kærðu ákvörðunar var því hafnað.

Atvik/atburðir á vatnsverndarsvæðinu 2016.

Á undanförunum árum hefur ásókn inn á vatnsverndarsvæðið aukist. Í kjölfar aukins ferðamannastraums er farið að bjóða upp á fleiri skipulagðar hestaferðir inni á svæðinu auk þess sem ferðamenn fara sjálfir inn á svæðið að skoða. Fylgjast þarf vel með þessari þróun þar sem hún eykur líkur á óhöppum.

- Tónleikar voru haldnir í Þríhnjúkagíg 18. júní í tengslum við Secret Solstice tónlistarhátíðina. Gestir voru fluttir inn á svæðið með þyrlu.
- Í september fluttu fjölmiðlar fréttir af því að kanadíska poppstjarnan Justin Bieber hefði tvisvar lent þyrlu sinni á Heiðmerkurvegi til að komast á tónleika sína í Kórnum í Kópavogi. Ekki fékkst staðfest hvort hann hefði lent innan vatnsverndarsvæðisins.
- 2. desember nauðlenti lítil flugvél á Strípsvegi á grannsvæði vatnsverndar beint fyrir neðan Vatnsendakrika og brunnsvæðið þar. Vélin lenti ósködduð og engin olía eða önnur efni láku úr henni. Í ljós kom að vélin hafði orðið eldsneytislaus. Of áhættusamt þótti að flytja vélinu út af svæðinu og því var fyllt eldsneyti á hana og henni flogið í burt.
- 10. desember barst tilkynning um verktaka sem væru við framkvæmdir í Rauðhólum. Viðkomandi reyndist hafa gilt starfsleyfi en ökutæki höfðu ekki lekaskoðunartorð eins og krafist er. Úr því var bætt eftir athugasemdir.